

AUGLÝSING

um stofnun fólkvangs í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Garðabæjar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa Garðahraun, Vífilstaðahraun (Svínahraun) og Maríuhella sem fólkvang samkvæmt 55. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Garðahraun og Vífilstaðahraun (Svínahraun) eru hlutar hins svokallaða Búrfellshrauns. Hraunin eiga uppruna sinn í Búrfellseldstöðinni og eru talin vera um 8000 ára gömul. Meginhraunstraumurinn rann til sjávar til norðurs og nefnist þar Gálgahraun og var það friðlýst með auglýsingu nr. 877/2009. Svæðin eru aðgengileg og henta vel til útivistar, fræðslu og rannsókna fyrir áhugamenn jafnt sem vísindamenn. Hraunsvæðin eru ekki samfelld.

Hin friðlýstu svæði eru alls 156,3 ha að flatarmáli.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að stofna fólkvang, útivistarsvæði í þéttbýli, þar sem jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, m.a. fornar rústir eru verndaðar. Með friðlýsingu er verið að efla lífsgæði í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúru-skoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi.

3. gr.

Mörk hins friðlýsta svæðis.

Svæðið skiptist í fjóra hluta í Búrfellshrauni; Maríuhella, Vífilstaðahraun (Svínahraun), Garðahraun efra og Garðahraun neðra.

Mörk fólkvangshluta Maríuhella eru hellarnir og hraunið í nánasta umhverfi hellanna að Hlíðarvegi og Elliðavatsvegi. Stærð alls 4 ha.

Mörk fólkvangshluta Vífilstaðahrauns (Svínahrauns) eru Elliðavatsvegur að austanverðu, að sunnanverðu milli hrauns og hlíðar að Urriðaholti, að vestanverðu veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar og að norðanverðu Vífilstaðalækur að Elliðavatsvegi. Stærð alls 72,5 ha.

Mörk fólkvangshluta Garðahrauns efra eru veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar að austanverðu, mörk skipulagssvæðis Molduhrauns að sunnanverðu, mörk deiliskipulagssvæðis Bæjargarðs að vestanverðu og Hraunsholtslækur að norðanverðu. Stærð alls 58,2 ha.

Mörk fólkvangshluta Garðahrauns neðra (sem er þríhyrningslaga) eru veghelgunarsvæði Álftanesvegur, veghelgunarsvæði Vífilstaðavegar og mörk deiliskipulagssvæðis Hraunsholts vestra (Hraunsholtsbraut). Stærð alls 21,5 ha.

Mörk fólkvangsins eru nánar skilgreind í eftirfarandi hnitatöflu og sýnd á meðfylgjandi hnitsettum (ISN93) uppdrætti í fylgiskjali.

Nr.	X	Y
1	355930,659	402117,552
2	356066,333	401500,353
3	355861,986	401463,524
4	355516,051	401882,823
5	357342,192	401289,792
6	358645,147	400893,886
7	357836,546	400527,116
8	356965,173	400940,859

9	356797,250	401018,064
10	358706,055	400868,515
11	359427,885	400519,882
12	358761,732	399811,348
13	358003,703	400302,499
14	359001,974	399675,256
15	359102,494	399675,256
16	359083,021	399660,651
17	358801,171	399739,304

4. gr.

Verndun jarðmyndana.

Allt rask á jarðmyndunum, þ.m.t. hraunmyndunum er óheimilt innan fólkvangsins. Allar framkvæmdir sem verða heimilaðar skulu miðast við að halda markmiðum friðlýsingarinnar og vernda jarðmyndanir.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan marka fólkvangsins.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum í fólkvanginum þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu trjáplantna eða notkun áburðar sem rýrir verndargildi svæðisins.

6. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka fólkvangsins nema til veiða á ref, ágengum framandi tegundum, s.s. mink, og vegna veiða á grundvelli 5. mgr. og 7. mgr. 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

7. gr.

Umferð í fólkvanginum.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn og almennt skal fylgja göngustígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum.

Umferð með hesta er heimil eftir reiðleiðum sem sýndar eru á samþykktu aðalskipulagi.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í fólkvanginum.

8. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með fólkvanginum skv. 28. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun skal gera samning um daglegan rekstur og umsjón fólkvangsins við Garðabæ sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir.

9. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Garðabæ sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

10. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka fólkvangsins eru óheimilar nema með leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun.

Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun eru heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar svæðisins, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu, t.d. lagning stíga, uppsetning fræðsluskilta og annar búnaður í þágu útivistar þar sem því verður við komið. Í verndar- og stjórnunaráætlun er nánari útfærsla á framkvæmdum innan fólkvangsins í þágu útivistar og fræðslu.

Áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan fólkvangsins skal deiliskipuleggja svæðið.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum 5.-10. gr. auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka.


Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 30. apríl 2014.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Guðríður Þorvarðardóttir.

Fylgiskjal.



Garðahreun, Vífilstaðahreun og Maríuhellar



Flatarmál:	
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hnattsláða:	ISN93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LM
Dagur:	29.08.2012
	© Landmælingar Íslands